Umhverfis- og skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Voga

Erindisbréf

1. gr.

Umboð.

Umhverfis- og skipulagsnefnd starfar í umboði bæjarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu, samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Voga og eftir því sem lög mæla fyrir um.

2. gr.

Skipan nefndarinnar.

Nefndin skal skipuð fimm fulltrúum og fimm vara sem kosnir eru til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Bæjarstjórn kýs formann nefndarinnar og varaformann.

Skipulagsfulltrúi annast undirbúning funda í samráði við formann og sviðsstjóra, situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt og ritar fundargerð. Bæjarstjóri og sviðsstjóri eiga rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Þá er heimilt að kalla á fund nefndarinnar sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um hverju sinni.

3. gr.

Verksvið.

Umhverfis- og skipulagsnefnd er ráðgefandi fyrir bæjarstjórn við mótun og framfylgd stefnu bæjarins í þeim málaflokkum sem undir það heyra. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með því að stefnumörkun og ákvörðunum á verksviði þess sé fylgt.

Um heimildir umhverfis- og skipulagsnefndar til fullnaðarafgreiðslu mála vísast til viðauka við samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Voga.

4. gr.

Verkefni.

Umhverfis- og skipulagsnefnd fer með eftirfarandi verkefni í umboði bæjarstjórnar að því leyti sem verkefni eru ekki falin öðrum:

1. Verkefni skipulagsnefndar skv. skipulagslögum og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.
2. Verkefni byggingarnefndar skv. mannvirkjalögum.
3. Verkefni náttúruverndarnefndar skv. náttúruverndarlögum.

4. Umhverfis- og loftslagsmál samkvæmt lögum.
5. Stuðla að fegrun bæjarins og aðgerðum til að bæta umgengni í sveitarfélaginu
6. Umferðar- og umferðaröryggismál skv. umferðarlögum.
7. Landbúnaðarmál og dýrahald.
8. Málefni vatnsveitu og fráveitu
9. Málefni þjónustumiðstöðvar, vinnuskólans, almannavarna og brunavarna.
10. Að tilnefna hverjum veita skuli umhverfisviðurkenningu sveitarfélagsins.

5. gr.

Starfshættir.

Um starfshætti og málsmeðferð umhverfis- og skipulagsnefndar gilda ákvæði samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Voga eftir því sem við á.

Nefndin kemur saman á lokuðum fundum, á fastákveðnum fundartíma að jafnaði einu sinni í mánuði. Nefndinni er þó heimilt að fella niður reglulega fundi þegar ástæða þykir til, vegna orlofs fundarmanna eða ef engin mál liggja fyrir.

Skipulagsfulltrúi boðar til fundar í samráði við sviðsstjóra og formann nefndarinnar. Fundarboðun skal vera skrifleg með tilgreindri dagskrá, fundartíma og fundarstað. Fundarboð skal sent nefndarmönnum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund. Boða skal til fundar ef tveir nefndarmenn óska þess skriflega. Fundir eru boðaðir með rafrænum hætti.

Skipulagsfulltrúi eða annar starfsmaður annast fundarritun í tölvu. Í fundargerð skal koma fram hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Einnig skal skrá málsheiti og niðurstöðu nefndarinnar.

Í lok fundar skal fundarritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana rafrænt.

6. gr.

Réttindi og skyldur fulltrúa.

Um réttindi og skyldur fulltrúa í umhverfis- og skipulagsnefnd gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Voga, eftir atvikum.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema forföll hamli. Skal hann boða staðgengil sinn og láta formann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara. Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fulltrúar í nefndinni skulu hafa hag bæjarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni en eru ekki bundnir að öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn Sveitarfélagsins Voga í atkvæðagreiðslu um málefni.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli máls, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Fulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Fulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarstað við meðferð og afgreiðslu þess.

7. gr.

Starfsmannamál.

Nefndin hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi þeirra starfsstöðva sem heyra undir ábyrgðar- og eftirlitssvið ráðsins. Nefndin hefur ekki boðvald yfir starfsfólki starfsstöðva né starfsfólki bæjarskrifstofu. Nefndin kemur ekki að ráðningu starfsfólks.

Samþykkt í bæjarstjórn 13 maí 2026.